

**Stjórnarfundur í FUM, haldinn fimmtudaginn, 7. júní 2007, kl. 15:00, í húsnæði K.H.Í. Bolholti 5 og var þetta 2. fundur nýskipaðrar stjórnar.**

Mættir: Amalía Björnsdóttir, formaður, Eyrún Rúnarsdóttir, Ragnar Ólafsson, Sigurjón Mýrdal, Sigurlína Davíðsdóttir og Gerður G. Óskarsdóttir sem ritaði fundargerð. Meyvant Þórólfsson boðaði forföll.

Tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar. Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.
2. Orðasafn um uppeldis- og menntamál, sbr. umræðu á síðasta fundi. Formaður greindi frá því að hún hefði haft samband við Íslenska málstöð og rætt þar við Ágústu Þorbergsdóttur. Hún lagði fram heftið *Leiðbeiningar um iðorðastarf* úr flokknum Smárit Íslenskrar málnefndar, 4, frá árinu 2004 (þýðing: *Guide to Terminology*, frá 1996 og 2001, eftir Heidi Suonuuti) sem nú hefur komið í stað *Leiðbeininga fyrir orðanefndir*, frá 1991. Einnig hefur Íslensk málstöð gefið út heftið *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*, Smárit Íslenskrar málnefndar 3, 2004. Rætt um hugsanlegt fyrirkomulag vinnu við orðasafn um uppeldis- og menntamál og fjármögnun þess (vegna ráðningar starfsmanns í hlutastarf, iðorðafræðings ef unnt er). Gerður tók að sér að koma með drög að bréfi til hugsanlegra styrktaraðila á næsta fund stjórnarinnar (leita mætti til allt að 10 aðila). (Sjá fylgiskjal um meginþætti iðorðastarfs).
3. Ráðstefna um uppeldis- og menntamál. Tillaga um að hún verði haldin dagana 22. (setning síðdegis) og 23. febrúar 2008 í húsakynnum K.H.Í. Hugmynd um að þemað snúi að jafnrétti til náms í víðum skilningi, s.s. „Jöfn tækifæri til náms og þroska.“ Samþykkt að auglýsa ráðstefnuna í september nk. og auglýsa þá jafnframt eftir efni á hana og skipa undirbúningshóp.
4. Tímarit FUM – staða mála. Ragnar ritstjóri tímaritsins gerði grein fyrir stöðu mála.
  - a) Sótt verður um aðild að EBSCO gagnasafninu. Reiknað með að útdrættir á ensku komi inn í bankann strax eftir útkomu hvers heftis, en greinar á íslensku eftir um 9 mánuði frá útkomu heftis. Aðildin sjálf er án endurgjalds, en greiða þarf fyrir aðgang að safninu. Ritstjóri dreifði formi fyrir „License agreement“.
  - b) Í ritnefnd sitja 5 manns. Stefnt að því að fólk sitji í henni í tvö ár í senn og ritstjóri sitji í þrjú ár í senn. Því þyrftu tveir til þrír að hætta í stjórninni á næstunni.
  - c) Stefnt að því að gera átak í útbreiðslu ritsins. Prentuð verða fleiri eintök af síðasta hefti ef þarf.
5. Næsti fundur stjórnar verður haldinn í ágúst nk.

Fleira ekki tekið fyrir.  
G.G.Ó.